



508. fundur stjórnar SASS

**haldinn að Austurvegi 56, Selfossi
föstudaginn 6. maí 2016, kl. 12:00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Anna Björg Níelsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Sæmundur Helgason. Páll Marvin Jónsson tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Eggert Valur Guðmundsson forfallaðist og í hans stað kom Arna Ír Gunnarsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð og Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands en hún kynnti dagskrárlið tvö.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 507. fundar undirrituð.

2. Fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kynnti hugmyndir um breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga sendi sveitastjórnnum, heilbrigðiseftirlitum og landshlutasamtökum bréf dags. 31. mars sl. en þar var óskað eftir afstöðu þeirra til, hvort tilefni væri til þess að endurskipuleggja starfsemi heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga s.s. með því að auka samvinnu og sérhæfingu og fela stofnununum fleiri eftirlitshlutverk.

Framkvæmdastjóra falið að gera drög að svari við erindi Sambandsins í samráði við framkvæmdastjóra HES og senda þau á stjórn til samþykktar.

3. Starfsáætlun SASS 2016

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir drög að starfsáætlun SASS á árinu 2016 og hugmynda um að stjórnin hittist á vinnufundi 18. – 19. maí nk. til að fara nánar yfir áætlunina.

Samþykkt að hittast á vinnufundi 18. – 19. maí nk. og var framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning fundarins.

4. Rekstraryfirlit SASS janúar – mars 2016

Framkvæmdastjóri fór yfir rauntölur rekstrar fyrir tímabilið janúar til mars sl. Rekstur er að mestu á áætlun en helstu frávikin tengjast skipulagsbreytingum og rekstri almenningsgangna. Varðandi rekstur almenningsgangna munu hagræðingaraðgerðir sem þegar hefur verið gripið til skila árangri síðar á árinu.

Samanburður á áætlun og rekstrarniðurstöðu verður send á stjórn fyrir næsta stjórnarfund.

5. Almenningsamgöngur - Strætó

Erindi barst frá Strætó f.h. Hópbíla sem sjá um akstur almenningsamgangna á Suðurlandi. Óskað er eftir breytingu á samsetningu verðbótapátta (samsetningu akstursvísitölu) en slíkt hefði í för með sér hækkun rekstrargjalda á yfirstandandi ár. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

Staðan og hugmyndir um breytingu á akstri á milli Þorlákshafnar og Hveragerðis með tilkomu vetraráætlunar Strætó. Samhliða þessari breytingu yrði hætt að aka á milli Eyrarbakka og Þorlákshafnar. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

Breyting á gjaldskrá Strætó, sbr. erindi frá Eyþingi dagsett 20. janúar sl. Tillagan gengur út á að einfalda og samræma afsláttarkjörin þannig að miðaverð fyrir börn, ungmenni og aldraða verði 50% af verði fargjalda fyrir fullorðna. Þannig mun hver miði fyrir hvert gjaldsvæði kosta 210 kr. fyrir framangreinda hópa. Breytingin hefði í för með sér töluverða breytingu en þannig hækka fargjöld hjá unglingum um 40%, hjá börnum um 220% og öryrkjum og öldruðum um 60%. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu**a) Sóknaráætlun, Uppbyggingasjóður og áhersluverkefni**

Umsóknarfrestur í fyrri úthlutun á þessu ári var til og með 19. apríl sl. Uppbyggingarsjóðnum bárust alls 137 umsóknir, þar af voru 72 tengd menningarverkefnum og 65 nýsköpunarverkefnum. Yfirferð umsókna og mat fagráða stendur nú yfir og mun niðurstaðan liggja fyrir 18. maí nk. eftir samþykkt verkefnastjórnar og staðfestingu stjórnar. Alls komu 10 ráðgjafar samstarfsaðila SASS að aðstoð við umsækjendur á gerð umsókna á fimm stöðum í landshlutanum.

Fundur samráðsvettvangs Sóknaráætlunar var haldinn 12. apríl sl. Á fundinum var unnið að tillögugerð verkefna sem uppfylltu stefnumörkun Suðurlands. Fundurinn sátu um 35 manns. Fundurinn skilaði af sér 132 tillögum að áhersluverkefnum. Verkefnastjórnin hefur nú flokkað tillögurnar og vinna ráðgjafar nú að frekari mótun þeirra tillagna sem taldar voru falla vel að stefnumörkun landshlutans. Einnig vinna ráðgjafar að því að yfirfara skýrslur sem unnar hafa verið á málefnasviðum Sóknaráætlunar sl. ár. Allar tillögurnar verða lagðar að nýju fyrir verkefnastjórnina sem nánari útfærðar verkefnatillögur.

Bréf frá sveitarstjóra Rangárþings eystra lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Rangárþings eystra hvetur til þess um að eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar skuli vera á sviði stefnumótunar í ferðapjónustu á Suðurlandi.

b) Ísland ljóstengt

Nýverið var kynnt niðurstaða í útboði Fjarskiptasjóðs á fjármunum til lagningar ljósleiðara. Tvö sveitarfélög á Suðurlandi fengu styrk en það eru Rangárþing ytra og Rangárþing eystra.

Framtakinu er sérstaklega fagnað en jafnframt áréttað að töluvert væri í land með að klára tengingu á ljósleiðara á svæðinu.

c) Málþing um framtíð háskólastarfsemi á Suðurlandi

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir málþing um framtíð háskólanáms á Suðurlandi sem haldið var á Hótel Selfossi 26. apríl sl. Á fundinn komu tæplega 50 fundargestir og þótti það takast mjög vel. Upptaka af þinginu er aðgengileg á heimsíðu SASS, www.sass.is.

Framkvæmdastjóra falið að boða fyrirvarsmenn HÍ og HfSu á fund stjórnar til að ræða nánar um framtíð háskólanáms Suðurlandi.

Nýverið undirrituðu Háskóli Íslands, Bláskógabyggð, forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra viljayfirlýsingu um áframhaldandi starfsemi HÍ á Laugarvatni.

Stjórn SASS fagnar framtakinu en minnir jafnframt á nauðsyn þess að fjármagn fylgi.

d) Staða ART verkefnisins og hugmyndir um úttekt Félagsvísindastofnunar á verkefninu

Gengið hefur verið frá samning um ART verkefnið við Barnaverndarstofu fyrir yfirstandandi ár en velferðarráðuneytið fól stofunni að ganga frá samningnum fyrir sína hönd.

Tilboð hefur borist frá Félagsvísindastofnun í gerð úttektar á ART verkefninu. Samþykkt að bíða að sinni með úttekt.

Óvissa ríkir um framhald verkefnisins á komandi árum. Stjórnvöld eru hvött til þess að tryggja framtíð verkefnisins.

e) Fundur með umhverfis- og samgöngunefnd um samgönguáætlun 2015-2018

Framkvæmdastjóri fór nýverið á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að kynna ályktun stjórnar SASS í tengslum við framkomna þingsályktun um samgönguáætlun fyrir tímabilið 2015-2018.

f) Málþing á Akureyri um samstarf sveitarfélaganna

Formaður sagði frá áhugaverðu málþingi sem fram fór á Akureyri og var haldið af Háskólanum á Akureyri í samstarfi við Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Yfirskrift málþingsins var „Samstarf, sameining eða þriðja stjórnarsýslustigið“.

g) Málefni HSU

Ljóst er að fjárhagsstaða Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) er grafalvarleg. Með síauknum fjölda ferðamanna hefur álagið á starfsmenn stofnunarinnar stóraukist. Ljóst er að tvennt þarf til, í fyrsta lagi þarf ríkið að veita fjármagni í að greiða skuldir sem fylgdu gamla HSu til nýrrar stofnunar og í öðru lagi þarf að auka fjárframlög til stofnunarinnar. Verði ekki fundin



lausn á framangreindu er ljóst að skerða þarf þjónustuna verulega við íbúa Suðurlands.

h) Frumvarp til laga um um breyt. á lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar, 672. mál.

<http://www.althingi.is/altxt/145/s/1100.html>

Lagt fram til kynningar.

i) Frumvarp til laga um um breytingu á lögum á lögum um Vatnajökulspjóðgarð, 673. mál.

<http://www.althingi.is/altxt/145/s/1101.html>

Lagt fram til kynningar.

j) Aðalfundur Byggðastofnunar

Formaður fór yfir vorkund Byggðastofnunar með atvinnuráðgjöfum sem fram fór á Sauðárkróki í apríl sl. Auk þess fjallaði hann um aðalfund Byggðastofnunar sem haldinn var daginn eftir.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 18. (kl. 17:00) og fimmtudaginn 19. maí nk.

Fundi slitið kl. 14:55

Gunnar Þorgeirsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Ágúst Sigurðsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Bjarni Guðmundsson